

Fjölbautaskóli Suðurnesja
02 353

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Fjölbautaskóli Suðurnesja

kt. 661176-0169

Sunnubraut 36, 230 Reykjanesbær

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjölbautaskóli Suðurnesja er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla 92/2008.

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þáttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Það er stefna Fjölbautaskóla Suðurnesja að vera einn af bestu framhaldsskólum landsins og bjóða menntun í hæsta gæðaflokki og bjóða Suðurnesjamönnum upp á fjölbreytt nám í heimabyggð í samræmi við áhuga og getu. Unnið verði í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla og áhersla lögð á grunnþætti menntunar: læsi, sjálfbærni, jafnrétti, sköpun, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 16 og málauflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.438,0 milljónir og afkoma kr. 27,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 105,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 242,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjölbautaskóla Suðurnesja í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjölbautaskóla Suðurnesja fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Kristján P Ásmundsson
Skólameistari

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.344.706.088	1.208.913.470
Aðrar tekjur		11.148.000	11.544.000
Seld þjónusta	3	26.413.119	30.138.745
Vörusala		13.131.400	10.692.000
Framlög og ýmsar tekjur	4	26.406.962	37.667.208
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>16.227.592</u>	<u>16.403.302</u>
Tekjur samtals		1.438.033.161	1.315.358.725
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.055.536.596	1.053.632.099
Annar rekstrarkostnaður	6	339.190.784	210.437.459
Afskriftir	7	<u>16.227.592</u>	<u>16.403.302</u>
Gjöld samtals		1.410.954.972	1.280.472.860
Afkoma fyrir fjármagnsliði		27.078.189	34.885.865
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		35.942	102.616
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(6.921)	0
Afkoma ársins		29.021	102.616
Afkoma ársins		27.107.210	34.988.481

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		51.208.522	39.227.358
Farartæki og vélar		25.747.887	20.583.350
Aðrar eignir		5.468.409	4.478.342
		<u>82.424.818</u>	<u>64.289.050</u>
		<u>82.424.818</u>	<u>64.289.050</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	9	126.818.745	110.434.138
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	7.300.985	6.240.527
Handbært fé	11	25.783.209	36.581.718
		<u>159.902.939</u>	<u>153.256.383</u>
		<u>159.902.939</u>	<u>153.256.383</u>
Eignir samtals			
		<u>242.327.757</u>	<u>217.545.433</u>
		<u>242.327.757</u>	<u>217.545.433</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	12		
		<u>105.043.110</u>	<u>77.935.900</u>
		<u>105.043.110</u>	<u>77.935.900</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	998.288	203.020
Viðskiptaskuldir		8.024.483	60.917
Ýmsar skammtímaskuldir	13	78.349.139	87.005.267
Frestun tekjfærslu fjárfestingarheimilda	14	49.912.737	52.340.329
		<u>137.284.647</u>	<u>139.609.533</u>
		<u>137.284.647</u>	<u>139.609.533</u>
Eigið fé og skuldir samtals			
		<u>242.327.757</u>	<u>217.545.433</u>
		<u>242.327.757</u>	<u>217.545.433</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymsyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins	27.107.210	34.988.481	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	16.227.592	16.403.302
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		<u>(16.227.592)</u>	<u>(16.403.302)</u>
		27.107.210	34.988.481
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur		(1.060.458)	1.112.045
Tengdir aðilar		<u>(15.589.339)</u>	0
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(692.562)</u>	27.989.960
		<u>(17.342.359)</u>	29.102.005
		<u>9.764.851</u>	<u>64.090.486</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	<u>(34.363.360)</u>	<u>(25.248.721)</u>
		<u>(34.363.360)</u>	<u>(25.248.721)</u>
Fjármögnumunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	(40.920.619)
Fjárfestingarframlag		<u>13.800.000</u>	<u>13.300.000</u>
		<u>13.800.000</u>	<u>(27.620.619)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		<u>(10.798.509)</u>	<u>11.221.146</u>
		<u>36.581.718</u>	<u>25.360.572</u>
		<u>25.783.209</u>	<u>36.581.718</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymsyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákværðanir reikningsskilalaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilalaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækins endurgjalds.

Tekjur af sölu vörur eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákværðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifad

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádeginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.344.706.088	1.222.213.470
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(13.300.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	1.344.706.088	1.208.913.470
Tekjufærsla frestaðra tekna	16.227.592	16.403.302
	1.360.933.680	1.225.316.772

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.360.500.000	0	0	1.360.500.000
Launabætur	0	0	0	0
Millifærslur milli fjárlagaliða	(15.793.912)	0	0	(15.793.912)
Fjárveiting til tekna	1.344.706.088	0	0	1.344.706.088
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarrekningi að frádregnum sértekjum	(1.317.598.878)	0	0	(1.317.598.878)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	27.107.210	0	0	27.107.210

	2019	2018
3 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	575.112	948.620
Veitinga- og gistþjónusta	25.838.007	29.190.125
	26.413.119	30.138.745

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	55.000	409.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	12.320.000	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	3.624.462	27.667.708
Ýmsar tekjur	10.407.500	9.590.500
	26.406.962	37.667.208

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	855.045.219	834.906.503
Orlof, breyting	(3.370.938)	19.660.824
Launatengd gjöld	196.724.599	193.653.278
Starfsmannakostnaður	7.137.716	5.411.494
	1.055.536.596	1.053.632.099

Meðalfjöldi stöðugilda

90,3

90,0

Skýringar

	2019	2018
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	3.153.616	3.177.313
Byggingarvörur, almennar	77.541	77.663
Ýmis tæki og áhöld	3.758.164	3.912.401
Varahlutir og viðhaldsvörur	969.541	933.626
Orkugjafar	15.399.337	15.621.243
Matvæli	17.768.164	18.338.713
Almennar rekstrarvörur	2.455.521	3.209.549
Vörukaup, almenn	<u>43.581.884</u>	<u>45.270.508</u>
Kennslu- og föndurvörur	16.264.510	14.133.964
Ýmsar sérgreindar vörur	<u>126.503</u>	<u>75.685</u>
Vörukaup, sérgreind	<u>16.391.013</u>	<u>14.209.649</u>
Fundir, námskeið, risna	987.314	669.443
Ferðir, uppihald	1.991.848	1.895.451
Akstur	3.010.998	2.973.530
Sérfræðiþjónusta	15.288.906	14.141.346
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	853.204	672.906
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.059.610	1.138.617
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	<u>1.593.695</u>	<u>1.324.019</u>
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>24.785.575</u>	<u>22.815.312</u>
Afnotagjöld	4.195.631	3.079.207
Leigugjöld	<u>220.593.412</u>	<u>97.142.555</u>
Notkun véla og flutningatækja	455.893	413.839
Verkkaup	26.960.818	25.740.184
Kostnaðarhlutdeild	1.841.274	1.421.446
Tryggingar, lögbóðnar	226.284	81.757
Opinber gjöld	60.500	60.500
Tilfærslur	98.500	202.502
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>254.432.312</u>	<u>128.141.990</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>339.190.784</u>	<u>210.437.459</u>
	2019	2018
7 Afskriftir		
Ahöld, tæki og búnaður	14.490.575	15.234.664
Farartæki og vélar	1.727.084	1.167.038
Aðrar eignir	<u>9.933</u>	<u>1.600</u>
	<u>16.227.592</u>	<u>16.403.302</u>

Skýringar

31.12.2019 31.12.2018

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	51.208.522	39.227.358
Farartæki og vélar	25.747.887	20.583.350
Aðrar eignir	5.468.409	4.478.342
	<hr/>	<hr/>
	82.424.818	64.289.050

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019	136.907.195	24.615.545	4.846.078	166.368.818
Viðbætur á árinu	26.471.739	6.891.621	1.000.000	34.363.360
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	163.378.934	31.507.166	5.846.078	200.732.178
Afskriftir 1.1.2019	97.679.837	4.032.195	367.736	102.079.768
Afskrift ársins	14.490.575	1.727.084	9.933	16.227.592
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	112.170.412	5.759.279	377.669	118.307.360
Staða 31.12.2019	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	51.208.522	25.747.887	5.468.409	82.424.818

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	125.747.529	70.472.099
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	1.071.216	0
Áætluð leiðréttung vegna fjárveitinga	0	39.962.039
	<hr/>	<hr/>
	126.818.745	110.434.138

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	998.288	203.020
	<hr/>	<hr/>
	998.288	203.020

10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	1.080.401	868.732
Skattar	6.220.584	5.371.795
	<hr/>	<hr/>
	7.300.985	6.240.527

11 Handbært fé

Sjóðir	14.000	14.000
Tékkareikningar	22.782.311	33.977.927
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlásstofnunum	2.986.898	2.589.791
	<hr/>	<hr/>
	25.783.209	36.581.718

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 0 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárrrekningum;

	31.12.2019	31.12.2018
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	77.935.900	42.947.419
Afkoma ársins	27.107.210	34.988.481
Jöfnuður 31.12.	<u>105.043.110</u>	<u>77.935.900</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisrekningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

	31.12.2019	31.12.2018
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	50.864.058	54.234.996
Ógreidd laun	5.483.940	0
Önnur ógreidd gjöld	<u>22.001.141</u>	<u>32.770.271</u>
	<u>78.349.139</u>	<u>87.005.267</u>

14 Frestun tekjfærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	82.424.818	64.289.050
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	<u>(32.512.081)</u>	<u>(11.948.721)</u>
	<u>49.912.737</u>	<u>52.340.329</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	64.289.050	(11.948.721)	52.340.329
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	13.800.000	13.800.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	34.363.360	(34.363.360)	0
Tekjfærsla frestaðra tekna	<u>(16.227.592)</u>	0	<u>(16.227.592)</u>
	<u>82.424.818</u>	<u>(32.512.081)</u>	<u>49.912.737</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 16,5 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ítímabundna skuldbindandi samninga um Sunnubraut 36, íþróttahús og sundlaug og þjónustusamninga um rekstur og vörlu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 226,6 milljónum og vegna þjónustu- og vörlusamninga kerfa kr. 28,6 milljónum og aðra samninga kr. 24,6 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.